

**Ed. 1115. Frumvarp til laga [528. mál]**

um breytingu á jarðræktarlögum, nr. 79 29. maí 1972.

(Lagt fyrir Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984—85.)

1. gr.

Í stað ákvæða 10. gr. skulu eftirtalin bráðabirgðaákvæði gilda um framlög til búnaðarframkvæmda, sem unnar eru á árunum 1985 og 1986:

**I. Til undirbúnings ræktunar.**

- a. Vélgrafnir skurðir og plógræsi, allt að 70% kostnaðar við gröft, plægingu og sprengingu berghafta úr skurðum.
- b. Framræsla vegna endurræktunar, þ. m. t. hreinsun og dýpkun skurða, allt að 70% kostnaðar.

Heildarframlag ríkissjóðs skv. þessum staflidum skal að hámarki svara til 3,5 millj. m<sup>3</sup> skurðgraftar og 600 km plógræslu á ári hverju. Búnaðarfélag Íslands gerir áætlun um framræslu vegna ræktunar samkvæmt könnun héraðsráðunauta á framræsluþörf á einstökum búnaðarsambandssvæðum. Framræsla vegna endurræktunar situr fyrir framlögum skv. þessum tölulidum, reynist framræsluþörf meiri en hámark heimildar. Landbúnaðarráðherra setur í reglugerð ákvæði um undirbúning framræsluframlækvæmda, útboð þeirra, svo og umsjón og eftirlit með þeim.

- c. Lokræsi með pípum í ræktuðu landi, 50 kr. pr. m.

## II. Til jarðræktar.

- a. Túnrækt á þurrkuðu mýrlendi (nýrækt og endurræktun) 12 000 kr. pr. ha.
- b. Túnrækt á þurrlendi (nýrækt og endurræktun) 8 000 kr. pr. ha.
- c. Korn- og fræakrar 4 000 kr. pr. ha.  
Framlag skv. þessum staflíð er ekki greitt til kornræktar grænfóðurverk-  
smiðja.
- d. Grænfóðurrækt 4 000 kr. pr. ha.  
Framlag skv. þessum staflíð er bundið því að um sé að ræða ræktun til þess að  
bæta úr fódurskortri vegna kals og annarra ræktunaráfalla af völdum harðinda.  
Enn fremur er framlagið bundið því að ræktunarbörfin hafi verið metin og  
viðurkennd af héraðsráðunaut Búnaðarfélags Íslands, áður en í framkvæmdir er  
ráðist.

III. Grjótnám úr ræktunarlandi, þar sem grjót er ekki seljanlegt, kr. 65 pr. m<sup>3</sup>.

IV. Girðingar um ræktunarlönd, fullgildar með föstum horn- og hliðstólpum, kr. 10 pr. m.

## V. Áburðargeymslur.

Áburðarhús alsteypt og áburðarkjallarar, kr. 350 pr. m<sup>3</sup>.

## VI. Til hey- og garðávaxtageymslna, svo og verkfærageymslna.

- a. Votheyslöhöður úr varanlegu efni 400 kr. pr. m<sup>3</sup>
- b. Þurrheyslöhöður úr varanlegu efni með súgþurrkunarkerfi 600 kr. pr. m<sup>2</sup>
- c. Súgþurrkunarblásari með aflvél, kælivél vegna garð-  
ávaxtageymslu, og rafstrengur sem lagður er sérstaklega í þessu  
skyni — framlag allt að 40% af innkaupsverði tækja og búnaðar.
- d. Garðávaxtageymslur úr varanlegu efni með viðeigandi loftræsti-  
búnaði 600 kr. pr. m<sup>2</sup>
- e. Verkfærageymslur úr varanlegu efni 200 kr. pr. m<sup>2</sup>

## VII. Vatnsveitur til heimilis- og búsparfur.

Helmingur kostnaðar við vatnsupptöku, þar með talin borun eftir vatni, vatnsgeymar og leiðsla frá vatnsbóli að bæjarvegg. Framlag þetta greiðist því aðeins, að við framkvæmdir sé farið eftir áætlun, sem Búnaðarfélag Íslands lætur gera eða samþykkir.

VIII. Til kölkunar á túnnum, þar sem rannsóknir hafa að dómi ráðunauta Búnaðarfélags Íslands sýnt, að hennar sé þörf, er heimilt að greiða 50% af kostnaðarverði viðurkennds áburðarkalks, eins og það er á hafnarstað, að viðbættum eðlilegum flutningskostnaði umfram 50 km til viðkomandi bónda. Skilyrði er, að kölkunin sé framkvæmd eftir ráðleggingum héraðsráðunautar og undir eftirliti hans, og skal hún við það miðuð að nægja til a. m. k. 5 ára.

## IX. Til uppeldishúsa á garðyrkjubýlum.

- a. Til byggingar uppeldishúsa með lýsibúnaði:  
Framlag 1250 kr. pr m<sup>2</sup>, allt að 150 m<sup>2</sup> að flatarmáli á býli.
- b. Til lýsingar í eldri húsum. Framlag 250 kr., allt að 150 m<sup>2</sup> að flatarmáli á býli.

#### X. Til loðdýrabygginga.

Framlag má nema allt að 30% af áætluðu kostnaðarverði þessara bygginga, allt að 600 m<sup>2</sup> að flatarmáli á býli.

#### XI. Til ræktunar skjólbelta.

Framlag má nema allt að 75% kostnaðar við trjáplöntukaup og 50% kostnaðar við nauðsynlegar girðingar vegna ræktunarinnar. Skilyrði fyrir framlagi er, að verkið sé unnið í samræmi við áætlun sem héraðsráðunautur og ráðunautur Skógræktar ríkisins um skjólbeltaræktun hafa gert og Skógrækt ríkisins samþykkt.

Ráðherra er heimilt, að höfðu samráði við stjórn Búnaðarfélags Íslands og stjórn Stofnlánadeildar landbúnaðarins að ákveða stærðarmörk framkvæmda, sem framlags njóta skv. þessari grein.

Búnaðarfélag Íslands áætlað fjárförf til framkvæmda skv. lögum þessum og gerir tillögur til landbúnaðarráðuneytis um fjárveitingu á næsta ári, áður en frumvarp til fjárlaga er lagt fyrir Alþingi. Í því skyni er ráðherra heimilt með reglugerð að ákveða fyrir hvaða tíma úttekt árlegrar jarðræktar og húsabóta skuli lokið.

#### 2. gr.

Við 12. gr. bætist svofellt ákvæði til bráðabirgða:

Á framlög skv. 1. gr., vegna framkvæmda, sem unnar verði árin 1985 og 1986, skal greiða verðlagsuppbót samkvæmt vísitölu, er sýni breytingar á tilkostnaði framkvæmda frá meðalkostnaði þeirra á árinu 1984 í samræmi við önnur ákvæði 12. gr. jarðræktarlaga nr. 79 29. maí 1972.

#### 3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

#### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Jarðræktarlög þau, er nú gilda, eru frá árinu 1972. Árið 1979 var með lögum nr. 43 29. maí sett bráðabirgðaákvæði, sem miðaði að því að sníða ákvæði laganna að þeirri breytingu á framleiðslustefnu, sem þá var mörkuð. Skyldu bráðabirgðaákvæðin taka til framkvæmda, sem unnar yrðu á árunum 1979—1984.

Allmiklar umræður hafa farið fram á síðustu árum um breytingar á jarðræktarlögum, m. a. hefur búnaðarþing fjallað um frumvörp til jarðræktarlaga, nú síðast á liðnum vetri. Á útmánuðum 1984 skipaði landbúnaðarráðherra nefnd til þess að endurskoða jarðræktarlög. Nefndina skipa alþingismennirnir Davíð Aðalsteinsson, Egill Jónsson, Pálmi Jónsson, Þórarinn Sigurjónsson, svo og Bjarni Guðmundsson, aðstoðarmaður landbúnaðarráðherra, sem er formaður nefndarinnar.

Á búnaðarþingi 1985 var fjallað um frumvarp til jarðræktarlaga, sem samið var af millipinganevnd þess. Búnaðarþing lauk hins vegar ekki afgreiðslu málsins.

Frumvarp það, sem hér er lagt fram, felur í sér bráðabirgðabreytingu á 10. og 12. gr. gildandi jarðræktarlaga, er nái til árána 1985 og 1986, en á þeim tíma er gert ráð fyrir, að heildarendurskoðun jarðræktarlaganna ljúki.

Breytingar þær, sem hér eru lagðar til, felast í því að sníða jarðræktarlögin að ríkjandi ástandi í landbúnaði og þeirri stefnu, sem mörkuð hefur verið m. a. með frv. um framleiðslu, verðlagningu og sölu á búvörum, sem nú liggur fyrir Alþingi. Í meginatriðum felast þær í eftirfarandi atriðum:

- a) Dregið er úr framlögum, sem stuðlað geta að aukningu búvöruframleiðslu í hefðbundnum búgreinum, svo sem framræslu og grænfróðurrækt.

- b) Efldur er stuðningur við heimaafli, svo sem endurræktun, bætta heyverkun og geymslu garðávaxta.
- c) Efldur er stuðningur við nýjar og vænlegar búgreinar, svo sem loðdýrarækt.

*Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

Um 1. gr.

Skv. 1. mgr. er hér um að ræða bráðabirgðabreytingu á ákvæðum 10. gr., er gildi um framkvæmdir unnar á árunum 1985 og 1986.

Úr I. lið 10. gr. gildandi laga er fellt niður ríkisframlag á plægða hagskurði, handgrafna skurði, kílræsi, önnur ræsi, svo og flóðgarða og fleiri framkvæmdir skv. g-lið þeirra laga. Sett er hámark á framræsluframkvæmdir er framlags geta notið. Hámark þetta er ákveðið með hliðsjón af framræsluþörf til viðhalds og endurnýjunar nauðsynlegri ræktun við sett markmið búvöruframleiðslu. C-liður er hliðstæður e-lið gildandi laga.

Í II. lið greinarinnar er gerð sú breyting að framlag til nýræktar er lækkað nokkuð, en endurræktun lögð að jöfnu við nýrækt. Er það gert í því skyni að styðja fremur viðhald ræktunar en túnauka með nýrækt. C-liður er nýmæli, sett í ljósi vaxandi möguleika á korn- og frærækt hérlendis, sem eflt getur innlenda fódurframleiðslu á lögbýlum. Fellt er niður framlag til grænfóðurræktar skv. II. lið d í 10. gr. gildandi laga, nema þegar um er að ræða grænfóðurræktun til þess að bæta úr fódurskortu vegna kals og annarra afleiðinga harðinda. Fellt er niður framlag til hagaræktar, sbr. II. lið e-lið í 10. gildandi laga, sem og f-liður um aukaframlag til túnræktar á félagsgrundvelli.

III. liður greinarinnar er efnislega óbreyttur frá gildandi lögum.

IV. liður breytist þannig, að niður fellur framlag til girðinga um heimahaga.

V. liður er efnislega óbreyttur frá gildandi lögum.

Nokkrar breytingar eru gerðar á VI. lið 10. gr. Framlag á votheysgeymslur er hækkað, m. a. með hliðsjón af samþykkt Alþingis um eflingu votheysverkunar og ábendingum búnaðarþings í sömu átt. Þá er gerð sú breyting, að nýjar hlöður njóta því aðeins framlags, að í þeim sé súgþurrkunarkerfi. Staflidur b og c í þessum lið frv. koma í stað a-, e-, f- og g-liða í VI. lið 10. gr. gildandi laga. Nýmæli er enn fremur heimild til að greiða framlög til kælivelu í garðávaxtageymslum, sem og rafstrengi til þessara nota, svo og súgþurrkunar. Þá er framlag til garðávaxtageymslna hækkað, enda séu þær með videigandi loftræstibúnaði. Reynsla hefur sýnt fram á mikla þörf til þess að bæta geymslu garðávaxta, m. a. til þess að auka markaðshlutdeild innlendar framleiðslu.

Framlag til vélageymslna, staflidur e. er óbreyttur frá gildandi lögum.

Liðirnir VII og VIII eru óbreyttir frá gildandi lögum.

Í greinina er bætt þremur nýjum liðum. Skv. IX. lið er kveðið á um framlag til bygginga uppeldishúsa í garðyrkju með lýsingu, svo og til lýsingar í eldri húsum. Komið hefur í ljós, að lengja má vaxtartíma grænmetis með lýsingu í gróðurhúsum og styrkja þannig markaðsaðstöðu innlendar garðyrkju. Breyting þessi er í samræmi við ábendingar búnaðarþings 1985.

Framlag skv. X. lið er ætlað sem stuðningur við loðdýrarækt. Er það framhald á þeirri stefnu, sem mörkuð var með breytingu á jarðræktarlögum 1979, er svokallað sparnaðarfé skv. staflidum a-f 3. gr. laga nr. 43/1979 var beint til Framleiðnisjóðs landbúnaðarins. Verulegum hluta af því fé hefur verið varið til uppbyggingar loðdýraræktar í landinu. Fjármagn, sem til þessa liðar fer, nemur allt að þeim hluta er sparast mun við þá takmörkun á framlögum til framræslu, sem I. liður þessarar greinar gerir ráð fyrir. Er þá miðað við framræslu á árinu 1984. Búnaðarþing 1985 tók undir tillögu þessa efnis.

Framlag skv. XI. lið til ræktunar skjólbelta er bundið því skilyrði, að Skógrækt ríkisins hafi samþykkt verkáætlun. Skjólbelti skv. þessum lið eru fyrst og fremst hugsuð til þess að bæta ræktunarskilyrði jarðargróða, svo sem garðávaxta, korns og annarra fódurjurta.

Í næstsíðustu málsgrein 10. gr. er heimild fyrir landbúnaðarráðherra að ákveða stærðarmörk framkvæmda, er ríkisframlags njóta skv. greininni, að höfðu samráði við stjórnir Búnaðarfélags Íslands og Stofnlánadeildar landbúnaðarins.

Þá er Búnaðarfélagi Íslands ætlað að gera áætlun um fjárþörf vegna framkvæmda skv. greininni og tillögur til landbúnaðarráðuneytisins um fjárveitingu, áður en frumvarp til fjárlaga er lagt fyrir Alþingi.

Um 2. gr.

Greinin felur í sér ákvæði til bráðabirgða um útreikning verðlagsuppbóta á framlög skv. 1. gr. frv., er komi sem viðauki við 12. gr. gildandi jarðræktarlaga.

Um 3. gr.

Greinin þarfnast ekki skýringa.